

Brunavarnir A-Hún.
Fundur með oddvitum aðildarsveitarfélaga
Þriðjudaginn, 4. mars, 2003 kl. 14:00 í Húnavallaskóla.

Á fundi stjórnar Brunavarna A-Hún. hinn 16. desember, 2002 var stefnt að því að kynna fjárhagsáætlun Brunavarna A-Hún. fyrir oddvitum aðildarsveitarfélaganna í tengslum við fund byggðasamlags Húnavalla og var það tilefni þessa fundar.

Mætt skv. undirskriftum.

Fyrir hönd Brunavarna A-Hún. mætti Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri Blönduóssbæjar á fund oddvítanna en jafnframt sat Erlendur Eysteinnsson úr stjórn Brunavarna A-Hún. fundinn.

1. Fjárhagsáætlun 2003

Jóna Fanney kynnti helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar og benti á að framsetning væri töluvert frábrugðin fyrri áætlunum þar sem ný reikningsskil sveitarfélaga gengu í gildi um síðustu áramót. Fram kom að rekstur helst svo til óbreyttur. Fundarmenn voru sammála tillögu stjórnar Brunavarna A-Hún um að forgangsraða kaupum á þeim búnaði og framkvæmdum sem ráðast þarf í, sbr. lista sem slökkvistjóri hafði útbúið yfir það sem vantar. Farið var yfir endurskoðað yfirlit um kostnaðarskiptingu aðildarsveitarfélaganna. Heildaráætlun ársins 2003 gerir ráð fyrir kr. 6.344.000,- Oddvitar aðildarsveitarfélaga Brunavarna A-Hún. samþykkja fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun vegna ársins 2003.

2. Brunavarnaráætlun

Jóna Fanney og Erlendur kynntu vinnuferli vegna brunavarnaráætlunar og þá ákvörðun stjórnar að fela Óstækni ehf. að vinna skýrsluverð vegna mengunarvarna sem og brunavarnaráætlun. Fundarmenn sammála ákvörðun stjórnar.

3. Yfirlit slökkvistjóra vegna brunaútkalla 2002

Fundarmenn óskuðu eftir yfirlitinu með fundargerð.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 14:45.
Fundarritun: jff

Tryggvi Jónsson (sign.)
Erlendur Eysteinnsson (sign.)
Jóhann Guðmundsson (sign.)
Jón B. Bjarnason (sign.)
Björn Magnússon (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)